



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUS 2020-2036

Ytri-Grímslækur ÍB17 – breyting aðalskipulags

Fjölgun íbúðalóða og nýtt vatnsból

13.06.2024

10.09.2025




SAMÞYKKTIR

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27.11.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 27. nóv 2025



Skipulagsferli

Skipulagslýsing var kynnt frá: 07.03.2024 með athugasemdafresti til: 25.04.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 01.08.2024 með athugasemdafresti til: 16.09.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

104174-ASK-001-V04

HÖFUNDUR

BRE

RÝNT

ÁJ, IS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	4
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	4
2.1.2	Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036	5
2.2	Vatnaáætlun Íslands	6
2.3	Deiliskipulag	6
2.4	Fornminjar	6
3	BREYTT AÐALSKIPULAG	7
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
4.1	Umhverfispættir og áherslur	8
4.2	Valkostir	9
4.3	Mat á umhverfisáhrifum	9
4.4	Niðurstöður	10
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	11
5.1	Skipulagsferlið	11
5.2	Breyting að lokinni auglýsingu	11

SKIPULAGSGÖGN

Gerð er breyting á greinagerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinagerð þessi ásamt forsendum og umhverfismatsskýrslu.

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin nær annars vegar til íbúðarbyggðar Ytri-Grímslækjar (ÍB17) þar sem fyrirhugað er fjölga íbúðum úr 19 í 25 að ósk landeigenda svæðisins. Hins vegar er sett inn nýtt vatnsból sem hefur verið staðsett fyrir hluta lóða og er það fært inn á aðalskipulag. Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið liggur norðan við Þorlákshafnarveg (38) og nokkru austan við Þrengslaveg (39) en sunnan Hjallafjalls. Innan þess eru lóðir á svonefndri Grímslækjarheiði; Sögusteinn 1 (L231059), Sögusteinn (L172269), Ytri-Grímslækur lóð (L195678) og Hraunkvía (L172270), Ytri-Grímslækur lóð (L175678) og Efri-Grímslækur land (L203017). Hafa landeigendur óskað eftir breytingunni til að fjölga íbúðum á lóðunum úr 19 í 25 þar sem eftirspurn er eftir íbúðarlóðum á svæðinu og áhugi á frekari uppbyggingu. Svæðið er að hluta til skipulagt og er aðkoma af Þorlákshafnarvegi.

Skipulagssvæðið er aðallega á hrauni og er mosahraunavist og lynchraunavist ríkjandi á svæðinu, sem báðar hafa miðlungs verndargildi, samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Landið er flatlent og gróðurþekja er breytileg en gróður lágvaxinn. Svæðið einkennist af mosagrónu og gropnu forsögulegu hrauni frá nútíma. Hraunið fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013, 61. gr. um jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Náttúrufræðistofnun skilgreinir svæðið einnig sem mikilvægt fuglasvæði, eins og allt Suðurlands undirlendið. Engar þekktar fornminjar eru á svæðinu.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um vernd umhverfis og náttúru. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *velsæld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

2.1.2 Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036


Íbúðarbyggð (ÍB)

Eftirfarandi er stefna fyrir íbúðarbyggð (kafla 4.1.1.) í dreifbýli:

- Að áhersla sé lögð á hagkvæma þróun íbúðarbyggðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best.
- Að fjölbreytt framboð lóða verði innan sveitarfélagsins.
- Að lóðir fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli séu stærri en í þéttbýli en minni en á landbúnaðarlandi.
- Að íbúðarhús verði að jafnaði ekki byggð á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.
- Að íbúðarbyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistagildis.

Innan skilgreindrar íbúðarbyggðar í dreifbýli er heimilt að byggja upp á 0,25-2 ha lóðum. Heimilt er að byggja íbúðarhús, sem einbýli eða parhús (bílskúr, gestahús og geymslu). Nýtingarhlutfall lóða getur verið allt að 0,15 en heildar byggingarmagn skal aldrei fara yfir 1000 m².

Tafla 16 í greinagerð sýnir yfirlit yfir íbúðarbyggð í dreifbýli ásamt skilmálum, sjá nánar kafla 3.



Mynd 1. Skjásýning af aðalskipulagsuppdrátti, svæðið er innan rauða hringsins.

Vatnsvernd (VB)

Brunnsvæði (VB) ná til vatnsbóla og næsta nágrennis þeirra. Verndarákvæði brunnsvæða eru þessi:

- Svæðin skulu vera algjörlega friðuð fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 m frá vatnsbóli.

2.2 Vatnaáætlun Íslands

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grundvelli laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt yfirborðs- og grunnvatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnagæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðar verndar. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbæri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Skulu opinberar áætlanir stjórnvalda, s.s. vegna skipulagsmála, vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Vatnshlot innan skipulagssvæðisins er grunnvatnshlotið Ölfusstraumur 3 nr. 103-268-G. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er óþekkt og ekkert staðbundið álag skráð skv. vatnavefsjá¹.

2.3 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Grímslækjarheiði sem staðfest var í B-deild þann 14. Júlí 2022 og nær yfir tæplega 4,5 ha af vesturhluta íbúðarbyggðarinnar.

2.4 Fornminjar

Engar skráðar minjar er að finna innan skipulagssvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Helgunarsvæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-268-G>

3 BREYTT AÐALSKIPULAG

Gerð er breyting á greinargerð aðalskipulags þar sem skilmálum fyrir ÍB17 er breytt. Íbúðum fjölgar úr 19 í 25, afmörkun helst óbreytt. Nýtt vatnsból VB23 er staðsett á uppdrætti aðalskipulags og gerð grein fyrir því í greinargerð. Hafa skal öryggissvæði, innan lóðar, kringum vatnsból til að hindra að mengun berist í vatnsból.

Íbúðarsvæði (ÍB):

Tafla 16 um íbúðarsvæði í dreifbýli fyrir breytingu:

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	HEILDAR-FJÖLDI ÍBÚÐA	ÓBYGGÐAR ÍBÚÐIR	LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR
ÍB17	Ytri-Grímslækur	15,9	19	17	Á svæðinu eru tvær íbúðir. Deiliskipulag er í gildi þar sem gert er ráð fyrir 7 lóðum. Gert er ráð fyrir allt að 19 íbúðarlóðum á svæðinu.

Tafla 16 um íbúðarsvæði í dreifbýli eftir breytingu:

NR.	HEITI	STÆRÐ/HA	HEILDAR-FJÖLDI ÍBÚÐA	ÓBYGGÐAR ÍBÚÐIR	LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR
ÍB17	Ytri-Grímslækur	15,9	25	23	Á svæðinu eru tvær íbúðir. Deiliskipulag er í gildi þar sem gert er ráð fyrir 7 lóðum. Gert er ráð fyrir allt að 25 íbúðarlóðum á svæðinu.

Vatnsvernd (VB):

Eftirfarandi bætist við í töflu brunnsvæða í greinargerð:

Tafla 43 um yfirlit vatnsbóla / brunnsvæða (VB) í sveitarfélaginu:

NR.	HEITI	LÝSING SVÆÐIS
VB23	Ytri-Grímslækur	Borhola til einkanota. Hóla skal fódruð og tryggt sem best að ekki komist vatn úr yfirborðslögum grunnvatns. Í deiliskipulagi skal sýna öryggissvæði innan lóðar í kringum vatnsból sem girða skal af til að hindra að mengun berist í vatnsból.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Gerð er grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfið í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Mat á áhrifum mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir líklegar meginspurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Framsetning á niðurstöðu matsins er í formi greinargerðar.

TAFLA 1. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNING
Loftslagsmál Kolefnisbinding Kolefnishlutleysi	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar Vistkerfi Gróður Jarðvegur Búsvæði dýra	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Vistgerðarkortlagning NÍ. VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Samfélag Húsnæðismál Íbúafjöldi Atvinna Hagkvæm nýting innviða	Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Stuðla að almenntri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036. - Þjóða upp á búsetu á íbúðarsvæðum í dreifbýli án þess að það skerði svæði sem eru verðmæt út frá auðlindum, menningar- eða náttúruminum. - Hagkvæm þróun íbúðarbyggðar, þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega stefnu í húsnæðismálum.	Hefur stefnan áhrif á húsnæðismál og íbúafjölda? Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu innviða? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Heilnæmt umhverfi Vatnsvernd Ásýnd byggðar	Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfun varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu. úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. - Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.	Hefur stefnan áhrif á vernd vatnshlota? Hefur stefnan áhrif á ásýnd byggðar?

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	Matsspurning
	<i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	
Minjar og verndarsvæði <i>Fornminjar</i> <i>Jarðminjar</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <i>Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036.</i> - Dreifbýli skerði ekki svæði sem eru verðmæt út frá auðlindum, menningar- eða náttúruminjum. <i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.</i>	Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningarminjar?

4.2 Valkostir

Gerð er grein fyrir áhrifum breyttrar stefnu samanborið við stefnu í gildandi aðalskipulagi (núll kostur).

Breytt skipulag: Gert er ráð fyrir 25 íbúðarlóðum á svæðinu. Vatnsból VB23 og vatnsverndarsvæði þess afmarkað.

Núll-kostur: Stefna helst óbreytt. Gert er ráð fyrir 19 íbúðarlóðum á svæðinu.

4.3 Mat á umhverfisáhrifum

Breytt skipulag

Áhrif á loftslagsmál eru metin óveruleg. Á framkvæmdatíma er aukin útblástur af gróðurhúsa-lofttegundum. Umferð eykst um svæðið þegar það er fullbyggt en gera má ráð fyrir að orkuskipti í vegsamgöngum vegi upp á móti því til lengri tíma litið.

Áhrif á náttúrufar eru metin óveruleg. Svæðið er þegar skilgreint sem íbúðarbyggð og hefur uppbygging hafist. Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið. Svæðið kemur til með að raskast við uppbyggingu á mannvirkjum og vegna lagningar á vegum og veitum. Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis, eins og allt suðurlands undirlendið og gera má ráð fyrir raski á fuglalífi. Svæðið verður dreifbýlt með stórum lóðum og opnum svæðum inn á milli. Engar vistgerðir með hátt verndargildi eru til staðar skv. kortlagningu NÍ. Forsögulegt hraun liggur við svæðið sem gæta þarf að raskist sem minnst.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Verið er að fjölga lóðum í íbúðarbyggð í dreifbýli en eftirspurn eftir þeim hefur aukist talsvert í sveitarfélaginu. Verið er að stuðla að hagkvæmri nýtingu á helstu innviðum, vegum og veitum þar sem svæðið er þegar byggt upp sem íbúðarsvæði. Með auknu framboði af íbúðarlóðum sem eru staðsettar nálægt þéttbýlinu á Þorlákshöfn má stuðla að íbúafjölgun sem hefur jákvæð hagræn áhrif í för með sér, m.a. með auknu vinnuafli og útsvari til sveitarfélagsins.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg. Áhrif á vatnsvernd eru metin óveruleg. Vatnstökuhola er þegar innan lóðar og er henni bætt við í aðalskipulag ásamt verndarsvæðum. Ekki er talin hætta á

mengun ef farið er eftir viðeigandi lögum og reglugerðum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Takmarkaðar upplýsingar eru til staðar um ástand vatnshlotsins en innan þess á sér stað vatnstaka og fráveita og rotþrær frá byggð eru víðsvegar. Áhrif á ásjón svæðis eru óveruleg, nýjar lóðir koma til með að byggjast upp í samræmi við nærliggjandi lóðir og yfirbragð svæðisins helst dreifbýlt. Nánari skilmálar verða settir í deiliskipulagi.

Áhrif á minjar- og verndarsvæði eru óveruleg/neikvæð. Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðis en ef slíkar finnast verða framkvæmdir stöðvaðar og álit fengið frá Minjastofnun Íslands. Svæðið er á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Hraunið kemur til með að raskast við aukna uppbyggingu en utan íbúðarsvæðisins hefur hraunið talsverða útbreiðslu í sveitarfélaginu.

Núll-kostur

Áhrif á loftslagsmál og náttúrufar eru metin enginn. Svæðið helst eins og það er í dag.

Áhrif á samfélag eru metin óveruleg. Svæðið helst óbreytt, hefur ekki í för með sér fjölgun íbúa.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg. Ekki er gerð grein fyrir vatnsbóli og vatnsverndarsvæði á gildandi aðalskipulagi.

Áhrif á minjar- og verndarsvæði eru jákvæð. Innan svæðis er nútímahraun sem nýtur verndar. Svæðið raskast ekki umfram gildandi skipulag.

4.4 Niðurstöður

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni. Verið er að koma til móts við ósk landeiganda í íbúðarbyggðinni svo hægt sé að stofna fleiri lóðir og deiliskipuleggja. Verið er að stuðla að hagkvæmri nýtingu innviða þar sem svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggð og tengt helstu vegum og veitukerfum og er í hæfilegri fjarlægð frá þéttbýlinu í Þorlákshöfn. Með breytingunni er núverandi vatnsból sett inn á aðalskipulag sem stuðlar að betri yfirsýn yfir vatnsauðlindir sveitarfélagsins. Rask á fuglalífi og gróðurfar er takmarkað en nútímahraun kemur til með að raskast frekar, en þar sem svæðið er nú þegar skilgreint sem íbúðarbyggð eru áhrif breytingar takmörkuð við svæði sem þegar er skilgreint fyrir uppbyggingu og vilji til að beina frekari fjölgun lóða í sveitarfélaginu þangað.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í byrjun árs.


Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirfarandi aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Vegagerðin

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila og stofnanna, þ.á.m. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

5.1 Skipulagsferlið



5.2 Breyting að lokinni auglýsingu


Skerpt er á texta í inngangi og í skilmálatöflu í kafla 3 í samræmi við umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og eftir fund með HSL er settur inn texti um öryggissvæði.

Í umhverfismatsskýrslu er bætt við tilvísun við 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar.


Bætt er við umfjöllun um vatnshlot og um ástand þess í umhverfismatsskýrslu.

Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036

Sveitarfélagsuppráttur, breyting á Ytri-Grímslækur ÍB17



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPRÁTTUR

Skýringar

- Stofnvegur/stofnbraut
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Hitaveita
- Rafveita, loftlína
- Vatnsveita
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Vatnsból
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Hæðarlínur
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íbúðarbyggð
- Óbyggð svæði
- Breytingarsvæði

Skipulagsgögn:
Uppráttur þessi með greinargerð.



Aðalskipulag Ölfuss 2020-2036
Breyting á Ytri-Grímslækur ÍB17

Verk: 104174 Blaðstærð: A4 Unnið: GAL Rýnt: BRE/ÁJ

Mælikvarði: Dags: Breytt dags:
1:50.000 12.06.2024